

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1691 2022/EES/18/42****frá 12. júlí 2021****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar kröfur um skráahald rekstraraðila í lífrænni framleiðslu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 8. mgr. 34. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 eru settar fram nokkrar kröfur um að halda skrár að því er varðar tiltekna framleiðslureglur. Skrár geta skipt máli fyrir rekjanleika, innra gæðaeftirlit og mat á því hvort farið sé að ítarlegum reglum um lífræna framleiðslu sem settar eru fram í þeim viðauka.
- 2) Þrátt fyrir ákvæði um skráahald sem sett eru fram í 9. gr. (c-liður 10. mgr.), 34. gr. (5. mgr.) og 39. gr. (a-liður 1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2018/848 er nauðsynlegt að skýra frekar lágmarkskröfur um skráahald á hverju framleiðslusvæði sem falla undir hina ýmsu hluta II. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Einnig er nauðsynlegt að innleiða tiltekna sérstaka þætti til að tryggja samkvæmni og samræmdan grundvöll fyrir skráahald sem er talið mikilvægt til að gera rekstraraðilum kleift að leggja fram sannanir fyrir skilvirkri beitingu reglnanna um lífræna framleiðslu.
- 4) Breytingarnar sem gerðar eru með þessari reglugerð eru með fyrirvara um kröfur um skráahald sem settar eru fram í öðrum gerðum Sambandsins, s.s. þeim sem varða matvæli og matvælaöryggi, fóður og öryggi fódurs, dýraheilbrigði og velferð, plöntuheilbrigði, plöntuvernd og plöntufjölgunarefni. Að því er varðar reglugerð (ESB) 2018/848 þurfa rekstraraðilar, sem nú þegar uppfylla kröfurnar um skráahald samkvæmt öðrum gerðum Sambandsins, þar af leiðandi einungis að skrá þá viðbótarþætti sem gera það kleift að sannprófa að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu, án þess að þörf sé á tvískráningu. Engu að síður eru tiltekna kröfur um skráahald endurteknar í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, vegna þess að þær skipta máli fyrir rekstraraðila í þriðju löndum.
- 5) Að því er varðar framleiðslureglur er nauðsynlegt, í þeim tilgangi að skrá gögn um notkun áburðar og jarðvegsbætandi efna, að taka tiltekna notkunarmæliþætti með í ljósi þess að notkun áburðar í lífrænni framleiðslu fellur bæði undir megindlegar og eigindlegar takmarkanir sem þarf að taka tillit til þegar ræktunarfræðilegar ráðstafanir eru ekki fullnægjandi til að uppfylla næringarlegar þarfir plantna.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 334, 22.9.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

- 6) Notkun plöntuverndarvara og vara til hreinsunar- og sóthreinsunar, s.s. sæfiefna og þvotta- og hreinsiefna, sætir takmörkunum í lífrænni framleiðslu og er takmörkuð við tilvik þar sem forvarnarráðstafanir komu ekki í veg fyrir að skaðvaldar og sjúkdómar kæmu upp og breiddust út og í öllum tilvikum við vörur og efni sem eru samþykkt skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848. Með fyrirvara um kröfurnar um skráahald, sem settar eru fram í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 <sup>(2)</sup> og (EB) nr. 852/2004 <sup>(3)</sup>, er nauðsynlegt að gera þá kröfu að þegar rekstraraðilar þurfa að grípa til þess að nota plöntuverndarvöru, sæfiefni eða þvotta- og hreinsiefni verði þeir að skrá nákvæm skilyrði fyrir notkuninni til að sýna fram á, ef við á, samræmi við gildandi takmarkanir, að farið sé að tillagðri tíðni og tímabili fyrir uppskeru.
- 7) Þar eð landspildur geta haft ólíka eiginleika og unnt er að rækta mismunandi nytjaplöntur á þeim geta ræktunarfræðileg skilyrði verið mismunandi. Þetta felur í sér að þegar utanaðkomandi aðföng eru notuð er notkun á þeim mismunandi eftir spildu. Þess vegna ætti að skrá utanaðkomandi aðföng í tengslum við þá spildu þar sem aðföngin eru notuð til að gera rekstraraðilum kleift að vakta skilvirknina og leggja fram viðeigandi skrár í þágu rekjanleika og, ef við á, skjalfesta sönnun í tengslum við allar undanþágur frá reglum um plöntuframleiðslu sem voru veittar í samræmi við lið 1.8.5 í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.
- 8) Við söfnun á villtum plöntum og afurðum þeirra er nauðsynlegt að gera þá kröfu að rekstraraðilar haldi skrár yfir viðkomandi tegundir og magn og tímabil söfnunar á tilteknu náttúrulegu búsvæði til þess að rekjanleiki verði mögulegur og sannpröfun á að skilyrðin fyrir náttúrulega búsvæðið séu uppfyllt.
- 9) Að því er varðar reglur um búfjárframleiðslu ættu rekstraraðilar, í ljósi hugsanlegra undanþágna frá þessum reglum sem veittar eru samkvæmt liðum 1.3.4.3, 1.3.4.4, 1.7.5, 1.7.8, c-lið liðar 1.9.3.1 og c-lið liðar 1.9.4.2 í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, að hafa til reiðu skjalfesta sönnun í tengslum við slíkar undanþágur til að rekjanleiki verði mögulegur svo og eftirlit með að farið sé að viðeigandi skilyrðum.
- 10) Með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 852/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 <sup>(4)</sup> ættu rekstraraðilar að halda ítarlegar skrár um uppruna dýra sem komið er með inn á búið og viðeigandi fyrri dýralæknaskrár þeirra til að geta tryggt rekjanleika og sýnt fram á að farið sé að sértæku skilyrðunum sem sett eru fram í II. og III. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.
- 11) Auk þess ættu rekstraraðilar að halda ítarlegar skrár um fôðrunarfyrirkomulag og beitartímabil til að skjalfesta samræmi við tegundabundnar næringarlegar þarfir og viðeigandi reglur um næringu sem settar eru fram fyrir mismunandi hópa dýra í II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.
- 12) Með fyrirvara um kröfur um skráahald og auðkenningu sem settar eru fram í reglugerðum (EB) nr. 852/2004 og (ESB) 2016/429, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 <sup>(5)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB <sup>(6)</sup>, þykir rétt, í ljósi sértækra takmarkana sem eru fastsettar samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu, að mæla fyrir um sértækar kröfur um að halda skrár yfir meðhöndlanir dýralæknis og yfir hreinsun og sóthreinsun á byggingum, búnaði og dýrum til að gera rekstraraðilum kleift að sýna lögbæru yfirvaldi eða eftirlitsaðila fram á að viðkomandi kröfur séu uppfylltar en gera það jafnframt kleift að sannprófa skilvirkni og að farið sé að sérstökum biðtíma til afurðarnýtingar.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjútíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjútíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjútíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

- 13) Með fyrirvara um kröfur um rekjanleika sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 (7) er nauðsynlegt að rekstraraðilar haldi ítarlegar skrár yfir öll dýr sem koma inn á búið eða fara þaðan til að rekjanleiki verði mögulegur og að sannprófa að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu, þ.m.t. þeim sem varða aðlögunartíma fyrir ýmsar dýrategundir.
- 14) Meðal krafna er varða gripahús og búskaparhætti fyrir alifugla eru sértækar kröfur sem gilda um tiltekin eldiskerfi að því er varðar að virða tímabil sem hús eiga að standa tóm. Geyma ætti viðeigandi skjalfestar sannanir til að unnt sé að viðhafa tilhlýðilegt eftirlit.
- 15) Í ljósi þess hversu miklu máli staðsetning býgarða skiptir á svæðum sem ættu að tryggja tiltækileika hunangslagar og frjókorna úr lífrænt ræktuðum plöntum eða af náttúrulega ómengduðum svæðum eða úr plöntum sem einungis eru meðhöndlaðar með aðferðum sem hafa lítil umhverfisáhrif til að forðast alla mengun býgarðanna er nauðsynlegt að rekstraraðilar séu með kort yfir svæðin sem eru notuð sem og skrár yfir öll utanaðkomandi aðföng sem eru notuð og aðgerðir sem gerðar eru á býgördunum.
- 16) Að því er varðar reglur um framleiðslu lagareldisdýra ættu rekstraraðilar, í ljósi hugsanlegra undanþágna frá þessum reglum sem veittar eru skv. d- og e-lið liðar 3.1.2.1 í III. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, að vera með skjalfesta sönnun fyrir slíkum undanþágum til að rekjanleiki verði mögulegur og eftirlit með að farið sé að viðeigandi skilyrðum.
- 17) Einkum fellur notkun á utanaðkomandi aðföngum undir takmarkanir samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/848 og hana skal skrá á sama hátt og ef um væri að ræða áburð eða næringarefni sem eru notuð við framleiðslu á lífrænum þörungum, sem má einungis nota ef það er leyft skv. 24. gr. þeirrar reglugerðar, og sem takmarkast við aðstöðu innandyrna og notkun við tiltekin skilyrði. Þess vegna ættu rekstraraðilar að skrá slíka notkun til að sýna fram á að farið sé að viðeigandi skilyrðum.
- 18) Einnig er nauðsynlegt að fastsetja kröfur um skráahald að því er varðar sértæk ákvæði um ungvíði til undaneldis og frekari vaxtar, einkum að því er varðar nákvæma tímasetningu þeirra í framleiðslulotu dýra og upphaflegan aðlögunartíma.
- 19) Fóðrunarfyrirkomulagi fyrir lagareldisdýr er ætlað að uppfylla sérstakar næringarlegar þarfir hvernar tegundar á mismunandi þroskastigum. Að teknu tilliti til ítarlegra ákvæða um leyfð fóðurefni, þ.m.t. þegar uppruni þeirra er ekki lífrænn, ætti því að halda skrár yfir fóðrunarfyrirkomulagið fyrir hverja tegund, sem um er að ræða, ásamt gögnum um mismunandi þroskastig.
- 20) Heilbrigðisþjónusta lagareldisdýra byggist á forvörnum og eftirliti með velferð dýranna. Því er nauðsynlegt að halda skrár yfir hinar ýmsu aðgerðir sem eru gerðar til að takmarka, eins og unnt er, að grípa þurfi til meðhöndlunar dýralæknis sem fellur undir strangar takmarkanir, að því er varðar tíðni og fjölda, með hliðsjón af lengd lífsferils viðkomandi tegundar. Mæla þarf fyrir um samsvarandi kröfur um skráahald.
- 21) Velferð dýra ræðst af viðeigandi búskaparháttum. Í tengslum við lagareldi eru vatnsgæði og takmarkanir á þéttleika og viðeigandi efnafræðilegir og eðlisrænir mæliþættir undirstaðan fyrir velferð dýra. Þess vegna er nauðsynlegt að vera með skrár yfir slík gögn sem og um tegund og tímasetningu fhlutunar sem fer fram til að hafa eftirlit með því að bestu skilyrðum fyrir lagareldisdýr sé viðhaldið og um þær ráðstafanir sem gerðar eru til að fara að reglum um lífræna framleiðslu á mismunandi þroskastigum þessara dýra. Í lífrænu lagareldi er loftun leyfð en notkun á súrefni er takmörkuð við sérstök tilvik. Þess vegna ætti að halda skrár yfir þessar tegundir fhlutunar.
- 22) Með fyrirvara um kröfurnar um skráahald samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 ættu rekstraraðilar, sem framleiða unnin matvæli úr lífrænni framleiðslu og/eða unnið fóður úr lífrænni framleiðslu, að halda ítarlegar skrár til að sýna fram á að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu, einkum varðandi varúðarráðstafanir sem eru fyrir hendi til að tryggja heilindi lífrænt ræktaðra vara, sértæk skilyrði fyrir notkun utanaðkomandi aðfanga og vara til hreinsunar og sóðthreinsunar.

(7) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

Til að gera það kleift að sannprófa jafnvægið milli aðfanga og framleiðslu á tilhlýðilegan hátt ættu rekstraraðilar enn fremur að hafa til reiðu gögn um aðföng sem eru notuð og, ef um er að ræða samsettar afurðir, heildarforskriftir/-formúlur sem og, eftir atvikum, skjalfesta sönnun um leyfi fyrir notkun innihaldsefna sem er ekki úr lífrænum landbúnaði í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

- 23) Með fyrirvara um kröfurnar um skráahald samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 ættu rekstraraðilar sem framleiða lífrænt framleitt vín að halda ítarlegar skrár til að sýna fram á að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu, einkum að því er varðar allar utanaðkomandi vörur eða efni sem eru notuð við vínframleiðslu og til hreinsunar og sótthreinsunar.
- 24) Með fyrirvara um kröfurnar um skráahald samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 ættu rekstraraðilar sem framleiða lífrænt framleitt ger að halda ítarlegar skrár til að sýna fram á að farið sé að reglum um lífræna framleiðslu, einkum að því er varðar vörur og efni sem eru notuð við gerframleiðslu og til hreinsunar og sótthreinsunar.
- 25) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 til samræmis við það.
- 26) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málslíðar í lið 1.9.3 kemur eftirfarandi:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, magn sem var notað og viðkomandi nytjaplöntur og spildur.“

b) Í stað annars málslíðar í lið 1.10.2 kemur eftirfarandi:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár sem sanna þörfina fyrir notkun á slíkum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni, magn sem var notað, viðkomandi nytjaplöntur og spildur og skaðvaldur eða sjúkdómur sem verjast þarf.“

c) Eftirfarandi málslíð er bætt við í lið 1.11:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni og staðsetning slíkrar notkunar.“

d) Eftirfarandi málslíð er bætt við í lið 1.12:

„Rekstraraðilar skulu einkum halda skrár yfir öll önnur utanaðkomandi aðföng sem eru notuð á hverri spildu og, eftir atvikum, hafa til reiðu skjalfesta sönnun fyrir öllum undanþágum frá framleiðslureglum sem voru veittar í samræmi við lið 1.8.5.“

e) Í lið 2.2 er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir tímabil og staðsetningu söfnunarinnar, viðkomandi tegund og magn villtra plantna sem safnað var.“

2. Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í lið 1.1 er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Rekstraraðilar skulu hafa til reiðu skjalfesta sönnun fyrir öllum undanþágum frá reglum um búfjárframleiðslu sem voru veittar í samræmi við liði 1.3.4.3, 1.3.4.4, 1.7.5, 1.7.8, c-lið liðar 1.9.3.1 og c-lið liðar 1.9.4.2.“

b) Eftirfarandi lið 1.3.4.5. er bætt við:

„1.3.4.5. Rekstraraðilar skulu halda skrár eða geyma skjalfesta sönnun fyrir uppruna dýranna, þar sem dýrin eru auðkennd í samræmi við viðeigandi kerfi (eftir dýri eða eftir hóp/lotu/býkúpu), sem og dýralæknaskrár um dýr sem komið er með inn á búíð, dagsetningu komu og aðlögunartímann.“

c) Eftirfarandi lið 1.4.4. er bætt við:

„1.4.4. Skráahald varðandi fóðrunarfyrirkomulag

Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir fóðrunarfyrirkomulagið og, ef við á, beitartímabilið. Þeir skulu einkum halda skrár yfir heiti fóðursins, þ.m.t. öll form fóðurs sem eru notuð, t.d. fóðurblöndur, hlutföll mismunandi fóðurefna í skömmtum og hlutfall fóðurs frá þeirra eigin búí eða frá sama svæði og, ef við á, tímabil þegar dýrin hafa aðgang að beitolöndum, tímabil farbeitarbúskapar þar sem takmarkanir gilda og skjalfesta sönnun fyrir beitingu á liðum 1.4.2 og 1.4.3.“

d) Eftirfarandi málslíð er bætt við í lið 1.5.1.6.:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar varan var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni og staðsetning slíkrar notkunar.“

e) Eftirfarandi lið 1.5.2.7 er bætt við:

„1.5.2.7. Rekstraraðilar skulu halda skrár eða geyma skjalfesta sönnun fyrir allri meðhöndlun sem beitt er og einkum auðkenningu dýra sem eru meðhöndluð, dagsetningu meðhöndlunar, sjúkdómsgreiningu, stærð skammta, heiti meðhöndlunarvöru og, eftir atvikum, lyfjaávisun frá dýralækni er varðar meðhöndlunina og tilskilinn biðtíma til afurðanýtingar áður en unnt er að setja búfjárafurðir á markað og merkja þær sem lífrænar.“

f) Eftirfarandi lið 1.7.12 er bætt við:

„1.7.12. Rekstraraðilar skulu halda skrár eða geyma skjalfesta sönnun fyrir öllum sértækum aðgerðum sem eru framkvæmdar og færa rök fyrir beitingu á liðum 1.7.5., 1.7.8, 1.7.9 eða 1.7.10.“ Að því er varðar dýr sem fara frá búinu skal skrá eftirfarandi gögn, ef við á: aldur, fjöldi dýra, þyngd sláturdýra, viðeigandi auðkenning (hvert dýr eða hver lota/hópur/býkúpa), dagsetning brottfarar og viðtökustaður.“

g) Í stað c-liðar í lið 1.9.4.4. kemur eftirfarandi:

„c) hús skulu tæmd að loknu eldi hvernar lotu alifugla. Á þeim tíma skal hreinsa og sótthreinsa byggingar og innréttingar. Að loknu eldi hvernar lotu alifugla skal þar að auki láta gerði standa auð, á tímabili sem aðildarríkin ákveða, til að gróður nái að vaxa á ný. Rekstraraðili skal halda skrár eða geyma skjalfesta sönnun fyrir því að þessu tímabili hafi verið fylgt. Þessar kröfur gilda ekki ef alifuglarnir eru ekki aldir í lotum, eru ekki hafðir í gerðum og eru frjálssir ferða sinna yfir daginn.“

h) Eftirfarandi lið 1.9.6.6. er bætt við:

„1.9.6.6. Skuldbinding varðandi skráahald

Rekstraraðilar skulu vera með kort í hæfilegum hlutföllum eða landfræðileg staðsetningarhnit býkúpa sem láta skal eftirlitsyfirvaldi eða eftirlitsaðila í té til að sýna fram á að svæðin, sem sambúin hafa aðgang að, uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

Færa skal eftirfarandi upplýsingar í skrá býgarðsins að því er varðar fóðrun: heiti vöru sem notuð er, dagsetningar, magn og býkúpur þar sem varan er notuð.

Svæðið þar sem býgarðurinn er staðsettur skal skráð ásamt auðkenningu býkúpanna og flutningstímabili.

Allar ráðstafanir sem gerðar eru skulu færðar inn í skrá býgarðsins, þ.m.t. fjarlæging vaxkaka og hunangs-slenging. Einnig skal skrá magn og dagsetningar söfnunar á hunangi.“

3. Ákvæðum III. hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið 1.11 er bætt við:

„1.11. Rekstraraðilar skulu hafa til reiðu skjalfesta sönnun fyrir öllum undanþágum frá reglum um framleiðslu lagareldisdýra sem voru veittar í samræmi við d- og e-lið liðar 3.1.2.“

b) Eftirfarandi málslíð er bætt við í c-lið liðar 2.2.2:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar og magn sem var notað ásamt upplýsingum um viðkomandi lotur/tanka/ker.“

c) Eftirfarandi málslíð er bætt við í lið 2.3.2.:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar varan var notuð, heiti vörunnar og magn sem var notað ásamt upplýsingum um viðkomandi lotur/tanka/ker.“

d) Eftirfarandi lið 3.1.2.4. er bætt við:

„3.1.2.4. Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir uppruna dýra, auðkenningu á dýrum/lotum dýra, dagsetningu komu og dýrategund, fjölda, stöðu þeirra m.t.t. þess hvort þau koma úr lífrænu eldi eða ekki og aðlögunartímamann.“

e) Eftirfarandi lið 3.1.3.5. er bætt við:

„3.1.3.5. Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir sértækt fóðrunarfyrirkomulag, einkum um heiti og magn fóðurs og notkun á viðbótarfóðri og viðkomandi dýr/lotur dýra sem eru fóðraðar.“

f) Eftirfarandi lið 3.1.4.3. er bætt við:

„3.1.4.3. Skráahald varðandi sjúkdómavarnir

Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir ráðstafanir sem gerðar eru til að verjast sjúkdómum og veita nánari upplýsingar um rekstrarhvíld, hreinsun og meðhöndlun vatns og um alla dýralæknismeðhöndlun og aðra meðhöndlun gegn sníklum sem framkvæmd er og einkum dagsetningu meðhöndlunar, sjúkdómsgreiningu, stærð skammta, heiti meðhöndlunarvöru og lyfjaávisun frá dýralækni er varðar meðhöndlunina, eftir atvikum, og tilskilinn biðtíma til afurðanýtingar áður en unnt er að setja lagareldisafurðir á markað og merkja þær sem lífrænar.“

g) Í lið 3.1.5.3 er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir vöktunar- og viðhaldsráðstafanir er varða velferð dýra og vatnsgæði. Ef um er að ræða áburðargjöf í tjarnir og vötn skulu rekstraraðilar halda skrár yfir notkun áburðar og jarðvegsbætandi efna, þ.m.t. dagsetning notkunar, heiti vörunnar, magn sem notað er og staðsetning viðkomandi notkunar.“

h) Í lið 3.1.6.5 er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir slíka notkun og tilgreina hvort henni er beitt skv. a-, b- eða c-lið.“

4. Ákvæðum IV. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í lið 1.4. kemur eftirfarandi:

„a) gera varúðarráðstafanir og halda skrár yfir þessar ráðstafanir,“

b) Eftirfarandi lið 1.7 er bætt við:

„1.7. Rekstraraðilar skulu hafa til reiðu skjalfesta sönnun um leyfi fyrir notkun innihaldsefna sem eru ekki úr lífrænum landbúnaði við framleiðslu á lífrænt framleiddum unnum matvælum, í samræmi við 25. gr., ef þeir hafa fengið eða notað slík leyfi.“

c) Eftirfarandi málslíð er bætt við í lið 2.2.3.:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni og staðsetning slíkrar notkunar.“

d) Eftirfarandi lið 2.3 er bætt við:

„2.3. Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir öll aðföng sem eru notuð við matvælaframleiðslu. Ef um er að ræða framleiðslu samsettra afurða skal hafa heildarforskriftir/-formúlur, sem sýna magn aðfanga og framleiðslu, til reiðu fyrir lögbært yfirvald eða eftirlitsaðila.“

5. Ákvæðum V. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í lið 1.4. kemur eftirfarandi:

„a) gera varúðarráðstafanir og halda skrár yfir þessar ráðstafanir,“

b) Eftirfarandi málslíð er bætt við í lið 2.4:

„Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á þessum vörum, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni og staðsetning slíkrar notkunar.“

c) Eftirfarandi lið 2.5 er bætt við:

„2.5. Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir öll aðföng sem eru notuð við fóðurframleiðslu. Ef um er að ræða framleiðslu samsettra afurða skal hafa heildarforskriftir/-formúlur, sem sýna magn aðfanga og framleiðslu, til reiðu fyrir lögbært yfirvald eða eftirlitsaðila.“

6. Í VI. hluta er eftirfarandi lið 2.3 bætt við:

„2.3. „Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á öllum vörum og efnum sem eru notuð við vínframleiðslu og til hreinsunar og sótthreinsunar, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni og, eftir atvikum, staðsetning slíkrar notkunar.“

7. Í VII. hluta er eftirfarandi lið 1.5 bætt við:

„1.5. „Rekstraraðilar skulu halda skrár yfir notkun á öllum vörum og efnum sem eru notuð við gerframleiðslu og til hreinsunar og sótthreinsunar, þ.m.t. dagsetning eða dagsetningar þegar hver vara var notuð, heiti vörunnar, virk efni í henni og staðsetning slíkrar notkunar.“

\_\_\_\_\_